

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. janúar 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-78/2013:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 10. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á geymsluþjónustu, sem veitt var af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér gjald fyrir geymsluþjónustuna.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 13. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 27. september. Engin andsvör bárust nefndinni né frekari gögn. Með bréfi, dags. 27. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 27. ágúst 2011 gerði álitsbeiðandi samning við seljanda um leigu á stæði fyrir pallbifreið og pallhýsi álitsbeiðanda frá 27. ágúst 2011 og fram í apríl 2012. Segir álitsbeiðandi að þegar hann sótti bifreiðina og pallhýsið hafi hann opnað vélarhlíf bifreiðarinnar og séð þar mikla tæringu. Hins vegar hafi pallhýsið sloppið við tæringu. Segist álitsbeiðandi hafa vegna þessa orðið fyrir miklum kostnaði og að í raun hefði það farið betur með umrædda bifreið að geyma hana utandyra enda hafi húsnæðið sem staðsett er að [úti á landi] hvar bifreiðin og pallhýsið voru geymd greinilega hvorki haldi vatni né salti. Mun álitsbeiðandi hafa sent seljanda bréf hinn 27. ágúst 2012 og farið fram á að hann endurgreiddi sér gjald vegna leigu á stæðinu, kr. 26.000. Meðfylgjandi álitsbeiðni er leigusamningur milli álitsbeiðanda og seljanda, dags. 27. ágúst 2011, afrit af kröfubréfi álitsbeiðanda til seljanda, dags. 27. ágúst 2012, ásamt staðfestingu frá Íslandspósti um að bréfið hafi verið sent, dags. sama dag.

**IV**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup sbr. 3. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Svo sem greinir í álitsbeiðni leigði álitsbeiðandi stæði undir bifreið sína og pallhýsi af seljanda hinn 27. ágúst 2011. Var umrætt húsnæði staðsett að [úti á landi]. Fyrir leiguna greidd álitsbeiðandi, að því er virðist fyrirfram, kr. 26.000 í heildarleigu. Bifreiðina sótti álitsbeiðandi síðan í apríl 2012 og varð hann þá var við tæringu undir vélarhlíf bifreiðarinnar.

Segist álitsbeiðandi hafa orðið fyrir tjóni vegna þessa. Um fjórum mánuðum síðar, eða hinn 27. ágúst 2012, sendi álitsbeiðandi seljanda bréf þar sem hann krafðist þess að seljandi endurgreiddi sér leiguna, kr. 26.000. Ekki er að sjá að seljandi hafi svarað álitsbeiðanda. Af gögnum málsins verður ekki heldur ráðið að álitsbeiðandi hafi gert frekari reka að því að innheimta kröfu sína gagnvart seljanda fyrr en hann leitaði til kæruneftdarinnar rúmlega ári eftir að kröfubréfið var ritað, þ.e. hinn 13. september 2013. Að mati kæruneftdarinnar ætti slíkt þó ekki að leiða til þess að tilkynning álitsbeiðanda til seljanda um að hann vildi bera fyrir sig galla á þjónustunni hafi borist of seint í skilningi 1. mgr. 17. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, enda var kröfubréf álitsbeiðanda verið sent um fjórum mánuðum frá því að þjónustu seljanda lauk, sem rúmast innan tímamarka greinarinnar.

Fjallað er um það hvenær þjónusta telst gölluð í 1-6. tölulið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, í greininni segir m.a.:

„Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta vikur frá almennum öryggiskröfum“ sbr. 5. gr. [...]

Í 4. gr. laganna segir síðan:

„Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmunum neytanda fyrir augum.“

Umrætt ákvæði laganna, þar sem vísað er til fagþekkingar, er vísiregla sem verður að túlka með hliðsjón af því sem er tíðkanlegt í því fagi sem um er að tefla hverju sinni og aðstæðum að öðru leyti. Áskilnaður um að þjónusta sé í samræmi við góða viðskiptahætti felur þannig í sér tilvísun til þess hvað sé eðlilegt í viðkomandi starfsgrein hverju sinni. Samkvæmt málsatvikalýsingu álitsbeiðanda var húsnæði það er seljandi notaði til að geyma bifreið og pallhýsi hans ekki í nægjanlega góðu ástandi til þess að tryggja að bifreiðin og pallhýsið hlytu ásættanlegt skjól fyrir veðri og vindum. Að mati kæruneftdarinnar mátti álitsbeiðandi hinsvegar þó með réttu vænta að svo væri. Að sögn álitsbeiðanda leiddi ástand húsnæðisins til þess að þeir lausafjármunir sem hann lét geyma þar urðu fyrir tjóni. Því hefur ekki verið mótmælt af seljanda, þrátt fyrir að kæruneftdin hafi gefið honum kost á því. Að mati kæruneftdarinnar var því þjónusta seljanda haldin galla í skilningi 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Kröfu álitsbeiðanda um endurgreiðslu leigu að fjárhæð kr. 26.000 verður að líta á sem skaðabótakröfu. Í 15. gr. laganna segir að verði neytandi fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu eigi hann rétt til skaðabóta nema að seljandi þjónustunnar sýni fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans. Það hefur seljandi ekki gert. Er það því mat kæruneftdarinnar að seljanda sé skylt að greiða álitsbeiðanda kr. 26.000.

V

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 26.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir